

REGLUGERÐ

um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

1. gr.

Fyrir matvæla-, áburðar-, sáðvöru- og fóðureftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar skulu fyrirtæki, einstaklingar og lögaðilar greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá þessa. Gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhaldna, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar. Einnig skal greiða gjald vegna kostnaðar við sýnatöku og greiningu á rannsóknastofu.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit sem greiða þarf fyrir hverja eftirlitsheimsókn er skipt í flokka eftir umfangi við eftirlitið og eru gjaldskrárflokkar eftirfarandi:

Gjaldskrárflokkun

Flokkur	Gjald kr.	Flokkur	Gjald kr.
1	7.084	7	46.046
2	10.626	8	53.130
3	17.710	9	63.756
4	24.794	10	88.550
5	31.878	11	123.970
6	38.962	12	159.390

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram í viðauka I með reglugerð þessari.

Þegar reglubundið eftirlit er framkvæmt á sama tíma og hjá sama aðila sem rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einni og sömu starfsstöð skal fullt gjald greiðast af starfsemi sem hefur hæstu gjaldskrárflokkunina en 60% af gjaldi fyrir aðra starfsemi skv. viðauka I.

Fyrir annað eftirlit en tilgreint er í viðauka I í reglugerð þessari skal greiða tímagjald að fjárhæð 7.084 kr./klst. auk ferðakostnaðar. Tímagjald greiðist einnig vegna vinnu við leyfisveitingar og fyrir viðbótareftirlit. Fari eftirlit fram utan venjulegs vinnutíma, milli kl. 08.00-17.00 á virkum dögum, skal greiða tímagjald að fjárhæð 10.752 kr./klst. Greiða skal 2.673 kr. akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn. Auk þess skal greiða kostnað vegna rannsókna og greininga á áburði og fóðri og mjólk og ostum skv. viðauka I en kostnaður vegna annarra rannsókna og greininga skal greiðast af eftirlitsþola skv. raunkostnaði.

3. gr.

Af leyfis skyldri starfsemi er heimilt að innheimta gjald fyrir útgáfu leyfis sem nemur einu tímagjaldi, 7.084 kr., hvort sem um er að ræða nýja starfsemi eða endurnýjun leyfis.

4. gr.

Greiða skal gjald vegna vinnu við inn- og útflutning skv. neðangreindri töflu:

Inn- og útflutningur	Gjald kr.
Útflutningur dýraafurða, allt að 5,0 kg, utan EES	2.000
Útflutningur dýraafurða, sem hluti af eigin farangri, utan EES	200
Útflutningsvottorð sjávarafurðir	3.500

Inn- og útflutningur	Gjald kr.
Útflutningsvottorð, lifandi hrogn	3.500
Útflutningsvottorð, lifandi seiði	3.500
Útflutningur plantna og plöntuafurða, þar með talið viðarumbúðir og fræ	3.500
Innflutningseftirlit, notaðra landbúnaðartækja	25.000
Innflutningseftirlit, sæði hunda	7.000
Innflutningseftirlit, hundar og kettir	24.000
Innflutningseftirlit, önnur gæludýr	7.000
Innflutningseftirlit, með sáðvöru (s.s. fræ og sáðkorn), utan EES	7.320
Innflutningseftirlit, áburður utan EES	25.620
Útflutningseftirlit, sauðfjársæði	3.500
Útflutningsáritun, hundar og kettir	1.500

Gjald fyrir annað inn- og útflutningseftirlit skal greiddast skv. tímagjaldi.

5. gr.

Eftirlitsgjald vegna heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum, sbr. 11. gr. laga nr. 96/1997, er 4,4 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 4,7 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 4,3 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 6,9 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 2,1 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts. Gjaldið greiðist skv. innvegnum magni kjöts í afurðastöð í samræmi við framleiðsluskýrslur sláturleyfishafa til Bændasamtaka Íslands. Sláturleyfishafa er skylt að skila undirritaðri framleiðsluskýrslu mánaðarlega fyrir 15. hvers mánaðar fyrir framleiðslu liðins mánaðar. Framleiðsluskýrsla skal undirrituð af framkvæmdastjóra eða af öðrum aðila fyrir hans hönd.

Bændasamtök Íslands skulu skila til Matvælastofnunar framleiðslutölum hvers tímabils eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Heimilt er að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi.

7. gr.

Matvælastofnun annast innheimtu eftirlitsgjalda skv. reglugerð þessari. Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða framkvæmd reglugerðarinnar sker landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra úr þeim ágreiningi.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengis dóms eða sáttar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í eftirfarandi lögum, 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, 11. og 17. gr. laga um slátrun og sláturafurðir nr. 96/1997, 31. og 31. gr. a laga um sjávarafurðir nr. 55/1998 og 8. og 8. gr. a laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 336/2005 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum og gjaldskrá nr. 377/2002 fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

VIÐAUKI I

Eftirlitsverkefni - Reglubundið eftirlit	Gjald kr.	Flokkur
Fóður, hráefnaframleiðsla, ræktun til dreifingar fyrir dýr ætluð til manneldis	38.962	6
Fóður, hráefnaframleiðsla, ræktun fyrir dýr til manneldis til nota á eigin búum	31.878	5
Fóður, hráefnaframleiðsla, sjávarafurðir fyrir dýr til manneldis þó ekki fiskimjöl	31.878	5
Fóður, hráefnaframleiðsla, annað (undanrennuduft, bjórhrat og fleira)	31.878	5
Framleiðsla hrámmjólkur, < 50 kýr	24.794	4
Framleiðsla hrámmjólkur, 50-100 kýr	31.878	5
Framleiðsla hrámmjólkur, 101-200 kýr	31.878	5
Framleiðsla hrámmjólkur, > 200 kýr	38.962	6
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, < 50 gripir	17.710	3
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, 51-100 gripir	24.794	4
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, 101-200 gripir	24.794	4
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, > 200 gripir	31.878	5
Framleiðsla hrámmjólkur úr kindum og geitum	17.710	3
Svínarækt - gyltur og lífdýr	46.046	7
Svínarækt - gyltur, lífdýr og alisvín	53.130	8
Svínarækt - alisvín < 500	38.962	6
Svínarækt - alisvín > 500	46.046	7
Svínarækt - sóttkví	38.962	6
Svínarækt - annað eða < 50 dýr	38.962	6
Útungunarstöð, sóttkví	24.794	4
Útungunarstöð, almenn	31.878	5
Alifuglabú, sóttkví	31.878	5
Alifuglastofnbú, < 4 stofnhús	31.878	5
Alifuglastofnbú, > 4 stofnhús	38.962	6
Alifuglaeldi, < 4 eldishús	53.130	8
Alifuglaeldi, 4-10 eldishús	63.756	9
Alifuglaeldi, > 10 eldishús	88.550	10
Varphænur neyslueggja < 4 varphús	46.046	7
Varphænur neyslueggja 4-10 varphús	63.756	9
Varphænur neyslueggja > 10 varphús	88.550	10
Sáðvara, framleiðsla, gæðavottun og/eða sala	53.130	8
Sáðvara, eftirlit með sölu innanlands	46.046	7
Matfiskaeldi, framleiðsla, < 25 tonn á ári	17.710	3
Matfiskaeldi, framleiðsla, 25 - 50 tonn á ári	24.794	4
Matfiskaeldi, framleiðsla, > 50 tonn á ári	31.878	5
Klakstöð/seiðaeldi, < 100.000 seiði	17.710	3
Klakstöð/seiðaeldi, > 100.000 seiði	31.878	5
Sláturhús, 1 slátursalur, < 1.000 tonn á ári	63.756	9
Sláturhús, 1 slátursalur, > 1.000 tonn á ári	63.756	9
Sláturhús, > 1 slátursalur, < 1.000 tonn á ári	88.550	10
Sláturhús, > 1 slátursalur, > 1.000 tonn á ári	88.550	10
Alifuglasláturhús, < 1.000 tonn á ári	46.046	7
Alifuglasláturhús, > 1.000 tonn á ári	63.756	9
Vinnsla á alifuglakjöti, þ.m.t. pökkun	53.130	8
Framleiðsla á kjötafurðum, einföld framleiðsla, < 1 tonn á vinnsludag	38.962	6

Eftirlitsverkefni - Reglubundið eftirlit	Gjald kr.	Flokkur
Framleiðsla á kjötafurðum, einföld framleiðsla, 1-10 tonn á vinnsludag	46.046	7
Framleiðsla á kjötafurðum, einföld framleiðsla, > 10 tonn á vinnsludag	63.756	9
Framleiðsla á kjötafurðum, fullvinnsla, < 1 tonn á vinnsludag	46.046	7
Framleiðsla á kjötafurðum, fullvinnsla, 1-10 tonn á vinnsludag	63.756	9
Framleiðsla á kjötafurðum, fullvinnsla, > 10 tonn á vinnsludag	88.550	10
Önnur framleiðsla á kjötafurðum	46.046	7
Fiskimjöls- og lýsisframleiðsla	24.794	4
Fiskimjöl óhæft til manneldis	88.550	10
Mjólkur- og ostabú, lítil, < 10,0 m.l	53.130	8
Mjólkur- og ostabú, miðlungs, 10,0 - 30,0 m.l	63.756	9
Mjólkur- og ostabú, stór, ≥ 30,0 m.l	88.550	10
Fóðurstöðvar, fóður til dreifingar fyrir dýr til manneldis	63.756	9
Fóðurstöðvar, fóður fyrir dýr til manneldis til notkunar á eigin búum	123.970	11
Framleiðsla fóðurs fyrir dýr sem ekki eru ætluð til matvælaframleiðslu	31.878	5
Framleiðsla á umbúðum úr viði	24.794	4
Áburður, framleiðsla ólífræns áburðar	63.756	9
Áburður, framleiðsla lífræns áburðar úr sláturúrgangi	38.962	6
Áburður, framleiðsla lífræns áburðar úr öðru en sláturúrgangi	159.390	12

**Kostnaður vegna efnagreininga og mælinga
á rannsóknastofum.**

Áburður	Gjald kr.
Köfnunarefni N	5.363
Kalíum K	3.218
Fosfór P	3.218
Brennisteinn S	3.575
Kalsíum Ca	3.218
Kadmíum Cd	2.324
Magnesíum Mg	3.218

Fóður	Gjald kr.
Þurrefni	1.609
Prótein	2.860
Fita	4.826
Aska	2.324
Nítrít	9.295
Selen	12.691
Kopar	2.592
Blý	4.112
Kvikasilfur	9.831
Sink	2.592
Kadmíum	2.682
Flúor	7.686
Arsen	8.044
Díoxín	92.945
Díoxín-lík PCB	46.473
PCB	15.193

Aflatoxín	13.406
Fumosisín	5.309
Zearalenone	16.623
Okratoxín A	17.696
Deoxynivalenol	16.623
Hníslalyf	26.812
Kjötmjöl	10.367
Pláguvarnarefni	19.662
Fúkkalyf	8.759
Melamin	25.024
Salmonella	5.557
Oxytetracycline	14.121

Mjólk og ostar	Gjald kr.
Líftala 30°C	2.703
Líftala, kuldaþol	2.703
Líftala, hitaþol	2.875
Kólígerlar (VRBA)	2.530
Bacillus cereus	3.105
Salmonella	5.865
Listeria monocytogenes	5.750
Staphylococcus aureus	3.105
Ger- eða myglusveppir	3.105
Kólí- og saurkólígerlar (MPN)	3.795
Saurkokkar	3.565
Súlfít afox. Cl	3.738
Vatnssýni	18.228